

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]
um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

37. gr. 1. málsg. 2. málslíður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar, skrásetts skips, bifreiðar eða loftfars, og hennar skal getið á verzlanastrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verzlanastrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI. kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til samræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingarlaga.